Kjósum VG 14. maí

# Göngum lengra í Skagafirði



Vinstri græn og óháð Skagafirði

# Við ábyrgjumst

Gagnsæi í stjórnsýslu
Jafnrétti óháð búsetu
Staðbundið íbúalýðræði
Félagslegt réttlæti



# Ávarp

Kæri kjósandi

Málefnalisti VG og óháðra er víðtækur, enda í mörg horn að líta í rekstri og þjónustu sveitarfélagins. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur málefni VG og óháðra vel.

Samfélagið gerir kröfu um opna stjórnsýslu sem okkur þykir mjög eðlileg krafa. Það er gerð krafa um stóraukið gagnsæi, heiðarleika og vönduð vinnubrögð. Það væri meðal annars framkvæmt með skýrari verkferlum í stjórnsýslunni, greinargóðum fundargerðum, með opnu bókhaldi og með auknu samráði við íbúa og íbúa-kosningum. VG og óháð vilja að lögbundinni þjónustu sé sinnt vel um allt hérað og að við göngum lengra í valkvæðri þjónustu sem skapar jöfnuð og raunverulega heilsueflandi og fjölskylduvænt samfélag.

Viljir þú ábyrgan rekstur, gagnsæi í stjórnsýslunni, jafnrétti óháð búsetu, staðbundið íbúalýðræði og félagslegt réttlæti, þá er tíminn til breytinga núna og þurfum við þinn stuðning til þess að knýja þær fram.

**Álfhildur Leifsdóttir**
Skipar 1. sæti á lista VG og Óháðra í Skagafirði

# Stefnuskrá

**Við viljum:**
Að lögbundinni þjónustu sé sinnt vel um allt hérað og að við göngum lengra í valkvæðri þjónustu sem skapar jöfnuð og raunverulega heilsueflandi og fjölskylduvænt samfélag.



## Fólk og samfélag

- Bætta þjónustu við eldra fólk
  - **Staðbundna matar-þjónustu** og stuðning við eldra fólk óháð búsetu
  - **Endurhæfingu í heimahús**
  - Aukið framboð af **hreyfingu fyrir aldraða**
  - Sjá til þess að allir geti elst í sinni heimabyggð
  - **Fjölga þjónustuíbúðum** fyrir aldraða
  - Hraða **byggingu hjúkrunarheimilis**
- Bætta sérfræðiþjónustu
  - Gera **fjarviðtöl við sérfræðinga** í félagsþjónustu aðgengilegri
  - **Hækka styrki fatlaðra** til náms, verkfæra- og tækjakaupa
- Stefnu í málefnum nýbúa sem og nýrra íbúa
  - **Tekið sé á móti nýjum íbúum með persónulegum hætti** og þeir upplýstir um þjónustu í samfélaginu ásamt réttindum sínum
- **Tryggja fjölbreytileika** í félags-, tómstunda-, íþrótta- og tónlistarstarfi
  - Íþrótta-, félags- og tómstundastarf við allra hæfi
  - Öll börn eiga að njóta **fjárstuðnings við tómstunda og íþróttaiðkun**, frá 0 - 18 ára en ekki einungis frá 5 - 18 ára
  - **Hækka hvatapeninga** í takt við verðlagsþróun
  - Árleg upphæð til að **bæta tómstundaaðstöðu** á hverju svæði
- **Stefnumótun í íþróttamálum** í samstarfi við UMSS og aðra hlutaðeigandi aðila
- Að reiðhöllin Svaðastaðir verði skilgreind sem þróttamannvirki og viðhaldið sem slíku

- Svæðisbundin **átaksverkefni til að styrkja byggð og atvinnulíf** í Skagafirði
  - Niðurfelling gatnagerðar-gjalda á völdum svæðum
  - Leiguverð á íbúðum í eigu sveitarfélagsins taki mið af staðsetningu og ástandi en ekki eingöngu eitt leiguverð á fermetra
- Styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf
  - **Efla þróunarstarf í matvæla-framleiðslu** og styðja við vinnslu beint frá býli
  - Auka frumkvöðlafræði í skólastarfi
- **Efla smábátaútgerð**
  - Sækja **sértækan byggðakvóta**
  - Byggja betur upp höfnina á Hofsósi fyrir smábáta
  - **Lokað verði aftur fyrir dragnótarveiðar** á Skagafirði til að efla útgerð smábáta og verja lífríki
- Styðja áfram við **öflugt land-búnaðarhérað** og efla dreifða byggð
- Tryggja að réttindi og **þjónusta við langveikt og fatlað fólk** sé til fyrirmyndar
- Að Skagafjörður stuðli að framsæknu atvinnulífi með sterkar grunnstoðir sem **byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda**
- Stuðla að **byggingu félags-hesthúss** í samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og hestamannafélagið Skagfirðing
- Stuðla að því að Norðurland vestra verði eitt atvinnusvæði með **bættum almennings-samgöngum** fyrir svæðið
- **Heilsueflandi samfélag**
  - Framfylgja þeirri stefnu til fullnustu
- **Barnvænt sveitarfélag**
  - Framfylgja þeirri stefnu til fullnustu

## Stjórnsýsla

- **Opna stjórnsýslu**, gagnsæi, heiðarleika og vönduð vinnubrögð
  - Skýrari verkferla í stjórnsýslunni
  - Greinargóðar fundargerðir
  - **Aukið samráð við íbúa** og íbúakosningar
  - Mælaborð á heimasíðu með sýnileika á bæði framkvæmdum sveitar-félagsins og úrvinnslu íbúafunda
  - **Auka stafræna stjórnsýslu**
  - Auglýsa stöður á vegum sveitarfélagsins
  - **Auka vægi ungmennaráðs og öldungaráðs** í nefndum sveitarfélagsins
- Kanna hvort að lögfræðilegar forsendur samnings sveitar-félagsins við Sýndarveruleika ehf. standist og rifta samningi til 30 ára ef svo er ekki
- **Auka framboð íbúða húsnæðissamvinnufélaga** án hagnaðarsjónarmiða í öllum þéttbýliskjörnum
- **Styrkja þjónustukjarna** í Skagafirði
  - Að lóðir standi til boða í öllum þéttbýliskjörnum
  - Að starfsmenn áhaldahúss séu staðsettir í hverjum þéttbýliskjarna
- **Standa vörð um opinber störf** í héraðinu og fjölga þeim
- Sveitarfélagið bjóði upp á hlutastörf á öllum sínum vinnustöðum með tilheyrandi sveigjanleika fyrir alla
- **Endurskoðun á fyrirkomulagi snjómoksturs** í sveitarfélaginu með aukinni ákvarðanatöku tengiliða heimamanna um mokstur í dreifðari byggðum
- Klárað verði að **leggja þrífasa rafmagn, hitaveitu og varmadælur** þar sem hitaveitu nýtur ekki við í dreifðri byggð
- **Markaðsátak í ferðaþjónustu** fyrir Skagafjörð



## Fræðslumál

- **Tryggja sérfræðiþjónustu** náms- og starfsráðgjafa og sálfræðinga ásamt sérkennslustjóra

- **Afnema leikskólagjöld** í áföngum og tryggja að öll börn komist inn á leikskóla við 12 mánaða aldur í sínu nærumhverfi
    - Greina þörf leikskólaplássa miðað við fjölda úthlutaðra lóða á hverjum stað fyrir sig
    - Auka sveigjanleika, svigrúm og stöðugildi starfsmanna leikskólanna

- Þróa áfram **öflugt og framsækið skólastarf** í öllum skólum Skagafjarðar
    - Að matur sé eldaður á staðnum í öllum skólum og skólastigum í firðinum eftir gildum heilsueflandi grunnskóla
    - **Gróðurhús við grunnskóla**
    - Skólahreystibrautir við grunnskólana
    - Tryggja viðunandi vinnuaðstöðu fyrir nemendur og kennara Tónlistarskóla Skagafjarðar
    - **Endurbyggja Varmahlíðarskóla** með fjölbreyttum vinnurýmum fyrir nemendur en ekki einungis hefðbundum borðum og stólum
    - Hraða framkvæmdum við fjölnota iðnnámshús í FNV
    - Lagfæra A-álmu Árskóla
    - **Íþróttahús verði byggt á Hofsósi**
    - Stöðugildi fyrir forfallakennslu í skólana sé tryggt
    - Styðja við starfsmenn sveitarfélagsins sem sækja kennaranám eða annað sértækt nám
    - **Efla Hólaskóla** og samstarf við Ríki um umbætur og uppbyggingu á Hólum. Sveitarfélagið auki þjónustu sína við íbúa á staðnum



## Menning og listir

- Styðja fagstarf og áframhaldandi **uppbyggingu Byggðasafns Skagfirðinga**
- **Styðja við listsköpun og frjáls félagasamtök**
- Stuðla að **uppbyggingu menningarhúss** á Sauðárkróki
- Fjölga stöðugildum í Tónlistarskóla Skagafjarðar
- **Hlúa að menningararfi Bifrastar** og bæta þar aðstöðu
- **Fjölga matar- og menningartengdum viðburðum**
  - Með hestasýningum
  - Með því að hlúa að vaxtarsprotum í menningarstarfi og menningartengdri ferðaþjónustu
- **Styðja við stofnun menningarfélags Skagafjarðar**
- **Ungmennahús** fyrir tómstundastarf 16 ára og eldri
- Stuðningur við samfélagslega viðburði til að **auðga menningarlíf og skemmtun** Skagfirðinga
- Bætt **viðhald menningarhússins Miðgarðs** og félagsheimila Skagafjarðar



## Umhverfi

- **Sorp flokkað og sótt heim** á öll lögheimili
  - Aðgangskort á gámasvæði
  - Bæta gámasvæði
- **Fegra ásýnd þéttbýliskjarna**
  - Fegra innkomur allra þéttbýliskjarna með gróðri og tiltekt
  - Fjölga og fegra **græn og fjölskylduvæn útivistarsvæði** í öllum þéttbýliskjörnum með leikaðstöðu fyrir börn

- **Vernda Jökulsárnar** og sérstöðu þeirra, engin virkjanaáform
- **Fjölga friðlýstum svæðum** bæði í eigu sveitarfélagsins og í samráði við landeigendur
- Blöndulína 3 þveri ekki fjörðinn nema með jarðstreng í byggð
- Umhverfismál
  - **Styðja við ylrækt**
  - **Nýta glatvarma**
  - Selja kolefniseiningar með skógrækt
  - Hvetja íbúa til fegrunar umhverfis
  - **Fjölga rafhleðslustöðvum** bifreiða
  - Auka aðgengi að náttúruperlum
- Umhverfi, **öryggi og þjónusta við hafnir sveitarfélagsins**
  - Auka þjónustu við smábáta á Hofsósi
  - Sinna viðhaldi hafna og nauðsynlegum stækkunum
- **Aðgengi fyrir alla**
  - Fjölgun hjólastíga samkvæmt aðalskipulagi
  - Fjölgun reiðvega samkvæmt aðalskipulagi
  - Bæta lýsingu
  - Laga gangstéttir
  - Fjölga römpum
  - Fjölga stæðum fyrir fatlaða við skóla og leikskóla
- Þrýsta á gerð jarðgangna í Fljótum
- Fegra tjaldsvæðin með gróðri og skjóli

VG og Óháð byggja þennan lista á stefnu framboðsins ásamt samtölum við íbúa sveitarfélagsins og er hann ekki tæmandi. Samtali við íbúa verður haldið áfram á kjörtímabilinu og aðgerðaáætlanir unnar í samræmi við áherslur íbúa.

# Framboðslisti
## Skagafjörður



**1. sæti**
**Álfhildur Leifsdóttir**
Grunnskólakennari



**2. sæti**
**Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir**
Tómstunda-og félagsmálafræðingur



**3. sæti**
**Pétur Örn Sveinsson**
Tamningamaður og bóndi



**4. sæti**
**Steinunn Rósa Guðmundsdóttir**
Ráðgjafi



**5. sæti**
**Auður Björk Birgisdóttir**
Hárgreiðslumeistari



**6. sæti**
**Hrólfur Þeyr Hlínarson**
Búfræðinemi og fjósamaður



**7. sæti**
**Tinna Kristín Stefánsdóttir**
Meistaranemi í lögfræði



**8. sæti**
**Árni Gísli Brynleifsson**
Þjónustufulltrúi



**9. sæti**
**Hildur Þóra Magnúsdóttir**
Framkvæmdastjóri



**10. sæti**
**Úlfar Sveinsson**
Bóndi



**11. sæti**
**Inga Katrín Magnúsdóttir**
Þjóðfræðingur og menntunarfræðingur



**12. sæti**
**Arnar Bjarki Magnússon**
Útgerðarmaður og bóndi



**13. sæti**
**Ólína Björk Hjartardóttir**
Atvinnurekandi



**14. sæti**
**Jón Gunnar Helgason**
Húsfaðir og smiður



**15. sæti**
**Páll Rúnar Heinesen Pálsson**
Starfsmaður í búsetukjarna í Skagafirði



**16. sæti**
**Helga Rós Indriðadóttir**
Söngkona og tónlistarkennari



**17. sæti**
**Valdimar Sigmarsson**
Bóndi



**18. sæti**
**Bjarni Jónsson**
Alþingismaður

**VG og Óháð** byggja þennan málefna-lista á stefnu framboðsins ásamt samtölum við íbúa sveitarfélagsins og er hann ekki tæmandi. Samtali við íbúa verður haldið áfram á kjörtímabilinu og **aðgerðaáætlanir unnar í samræmi við áherslur íbúa**.

## **Göngum** lengra

Endilega fylgið okkur á samfélagsmiðlum:
**Facebook:** vgogohadskagafirdi
**Instagram:** vgogohad
**TIKTOK:** vgogohad2022
**Netfangið okkar er:**
vgogohad2022@gmail.com
**Símanúmer**: 692 5666

Vinstri græn og óháð Skagafirði

XV
14. maí